

9. september 2008 kl. 19:00
Stjórnarfundur SK

Mættir: Guðmundur, Sigríður, Falur, Sigurbjörg og Guðrún. Einnig var mætt Bjarney.

1. Síðasta fundargerð samþykkt

2. Skráningar að hausti

Rætt um skráningar í haust, sem eru mun færri en á sama tíma í fyrra. Þetta er undarleg staða í ljósi þess hversu vel starf SK og ÍRB hefur gengið síðustu misseri. Skýringin gæti mögulega verið skortur á festu í þjálfaramálum sundmanna frá 6 til 11 ára aldurs, en með fastráðningu Sóleyjar í 100% stöðu þjálfara í lok síðasta tímabils vonum við að þetta horfi til betri vega.

Hugmynd um að gera bækling til að útbúa bækling til að auglýsa sundið. Einnig væri gott að þjálfarar kæmu í heimsókn í skólanna og segðu frá starfinu. Senda póst á foreldra úr Felix.

Hugmynd að heyra í þeim foreldrum sem áttu barn í sundi á síðasta tímabili og hafa hætt.

3. Foreldraráð

Stefna að því að stofna foreldraráð fyrir ákveðna hópa sundmanna hjá Sóleyju (hákarla, höfrunga og seli) á foreldrafundunum. Þannig er hægt að gera eitthvað skemmtilegt fyrir sundmenn sem þarf ekki að kosta mikið.

4. Sundsjóður

Umræðu frestað.

5. Önnur mál

Stjórn SK fór yfir skráningar með þjálfurum og viðbrögð við fækkun. Steindór gerir drög að dreifibréfi og skipulag að heimsóknum í skólanna. Sóley fer í Holtaskóla, Myllubakkaskóla, Heiðarskóla og Háaleitisskóla og kynnir sundíþróttina fyrir nemendum í 1. – 6. bekk í september.

Farið yfir æfingatíma í Heiðarskólalaug.

Fundi lokið kl. 20:00

Ritari: Sigurbjörg Róbertsdóttir